



Dalabyggð

REGLUR UM NIÐURGREIÐSLU DAGGJALDA VEGNA DAGVISTUNAR Á EINKAHEIMILUM

Gildir frá 1. janúar 2016

- 1) Samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Dalabyggðar skal greiða niður daggjöld vegna barna sem eru í daggæslu í heimahúsum og eiga lögheimili í Dalabyggð. Reglur þessar gilda einnig um foreldra barna sem eiga lögheimili í Dalabyggð en dvelja tímabundið vegna náms eða starfa í öðru sveitarfélagi. Réttur til niðurgreiðslu gildir þar til leikskólapláss býðst.
- 2) Niðurgreiðslur eru háðar eftirfarandi skilyrðum:
 - a) Að dagforeldri hafi leyfi yfirvalda til daggæslu á heimili sínu.
 - b) Að barnið sé á aldrinum 6 mánaða til 6 ára (að upphafi skólagöngu).
 - c) Að fyrir liggji þjónustusamningur milli dagforeldris, foreldra og fulltrúa Dalabyggðar.
 - d) Námsmenn verða að skila vottorði skóla um fullt dagnám í upphafi hverrar annar.
- 3) Dagforeldri dregur frá reikningi foreldris þann hluta daggjaldsins sem er niðurgreiddur og innheimtir þá fjárhæð á sérstöku eyðublaði mánaðarlega. Foreldrar greiða þá upphæð sem eftir stendur í upphafi hvers mánaðar. Dagforeldrar skila yfirliti mánaðarins til Dalabyggðar á útfylltum eyðublöðum fyrir hver mánaðamót. Yfirlitið skal vera vottað af viðkomandi foreldri. Dagforeldrar fá endurgreiðslur lagðar inn á bankareikning 5. hvers mánaðar.
- 4) Viðbótarniðurgreiðsla er greidd vegna systkina sem eru bæði hjá dagforeldrum. Einnig ef annað barnið er hjá dagforeldri og hitt í leikskóla. Sjá lið 6.
- 5) Daggjöld eru niðurgreidd í 11 mánuði á ári fyrir hvert barn.
- 6) Niðurgreiðslur eru skv. eftirfarandi gjaldskrá:

2016	Niðurgreidd daggjöld			Viðbótargreiðslur v/systkina		
	Flokkur 1 Hjón/ sambúð	Flokkur 2 Annað for./ báðir í námi	Flokkur 3 Einst.for./ báðir í námi	Flokkur 1 Hjón/ sambúð	Flokkur 2 Annað for. í námi	Flokkur 3 Einst.for./ báðir í námi
	Niðurgr.pr.klst.			Niðurgr.pr.klst.		
	5.472	5.969	6.466	1.368	1.492	1.617
Vistunartími	Niðurgr.pr.mán.			Niðurgr.pr.mán.		
4 stundir	21.888	23.875	25.863	5.472	5.968	6.468
5 stundir	27.360	29.844	32.329	6.840	7.460	8.085
6 stundir	32.832	35.813	38.795	8.208	8.952	9.702
7 stundir	38.304	41.782	45.261	9.576	10.443	11.319
8 stundir	43.776	47.751	51.726	10.944	11.935	12.936
9 stundir	49.248	53.720	58.192	12.312	13.427	14.553

Reglur þessar voru samþykktar í sveitarstjórn Dalabyggðar 15. desember 2015

Sveinn Pálsson, sveitarstjóri